

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1676 2021/EES/26/31

frá 31. ágúst 2020

um breytingu á 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna að því er varðar sérhannaða málningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/542 ⁽²⁾ í því skyni að bæta við tilteknum kröfum að því er varðar framlagningu upplýsinga um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu og til að bæta við „einkvæmu formúlauaðkenni“ (UFI-kóði) í viðbótarupplýsingarnar sem koma fram á merkimiða hættulegrar blöndu. Innflytjendum og eftirnotendum er skylt að byrja að fara að þessum kröfum í áföngum samkvæmt tímaáætlun um reglufylgni þar sem dagsetning setningar blöndu á markað fer eftir fyrirhugaðri notkun hennar.
- 2) Málningargeirinn hefur vakið athygli á sértækum áhyggjuefnum varðandi framkvæmanleika krafanna um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu ef um er að ræða málningu sem er sett saman í takmörkuðu magni á sérsniðnum grundvelli fyrir einstaka neytendur eða fagmenn á sölustað. Til að svara eftirspurn neytenda eftir mjög sérstökum litbrigðum í málningu geta framleiðendur efnasamsetninga verið beðnir um að setja saman og afhenda málningu af nánast ótakmörkuðum fjölda mismunandi samsetninga. Til að uppfylla kröfurnar um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu væri því framleiðendum efnasamsetninga skylt að leggja annaðhvort fram upplýsingar um og búa til UFI-kóða fyrir fram fyrir málningu í miklu magni og í öllum mögulegum litasamsetningum og margar þeirra yrðu í reynd aldrei afhentar eða fresta hverri afhendingu á sölustað þangað til upplýsingarnar hafa verið lagðar fram og UFI-kóðinn hefur verið búinn til. Báðar aðferðirnar myndu leggja óhóflegar byrðar á iðnaðinn fyrir sérhannaða málningu.
- 3) Til að koma í veg fyrir óhóflegt rekstrarlegt álag, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, að því er varðar sérhannaða málningu á að breyta kröfunum með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1677 ⁽³⁾ til að gera það kleift að undanskilja sérhannaða málningu frá tilkynningarskyldunum í VIII. viðauka við reglugerð

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/542 frá 22. mars 2017 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna með því að bæta við viðauka um samræmdar upplýsingar um viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu (Stjútíð. ESB L 78, 23.3.2017, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1677 frá 31. ágúst 2020 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna til þess að bæta framkvæmanleika upplýsingakrafna sem tengjast viðbúnaði í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu (Stjútíð. ESB L 379, 13.11.2020, bls. 3).

(EB) nr. 1272/2008 og frá þeirri skyldu í þeim viðauka að búa til UFI-kóða. Í því tilviki skulu þó einstakar blöndur, sem sérhönnuð málning inniheldur, falla áfram undir allar kröfurnar í VIII. viðauka til að gera eitrunarmiðstöðvum kleift að móta viðeigandi viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu.

- 4) Í ljósi þess þykir rétt að breyta 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 til að mæla fyrir um reglu fyrir sérhannaða málningu, sem engar upplýsingar eru tilkynntar um og enginn samsvarandi UFI-kóði útbúinn fyrir, þar sem þess er krafist að tilgreina skuli UFI-kóða allra blanda, sem sérhönnuð málning inniheldur, á merkimiða sérhönnuðu málningarinnar. Ef styrkur blöndu með UFI-kóða, sem sérhönnuð málning inniheldur, fer yfir 5% ætti styrkurinn þar að auki að koma fram í viðbótarupplýsingunum á merkimiða sérhönnuðu málningarinnar þar eð meiri líkur eru á því að blöndur í slíkum styrk í sérhannaðri málningu skipti máli fyrir viðbúnað í neyðartilvikum sem varða lýðheilsu.
- 5) Að teknu tilliti til þess að dagsetningin fyrir reglufylgni að því er varðar blöndur fyrir notkun neytenda og fagmanna, 1. janúar 2021 sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, nálgast og að þessi reglugerð gerir öllum geirum kleift að fara að þeim viðauka ætti þessi reglugerð að öðlast gildi eins fljótt og auðið er.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008:

„8. Ef um er að ræða sérhannaða málningu, sem engin framlagning í samræmi við VIII. viðauka hefur verið gerð fyrir og ekkert samsvarandi einkvæmt formúlauauðkenni hefur verið útbúið fyrir, skulu einkvæm formúlauauðkenni allra blanda, sem sérhannaða málningin inniheldur, í styrk sem fer yfir 0,1% sem falla sjálfar undir tilkynningu skv. 45. gr. koma fram á viðbótarupplýsingunum á merkimiða sérhönnuðu málningarinnar, staðsett saman og talin upp í lækkandi röð eftir styrk blandanna í sérhönnuðu málningunni, í samræmi við ákvæði 5. liðar A-hluta VIII. viðauka.

Í tilvikum, sem falla undir fyrstu undirgrein, þegar styrkur blöndu með einkvæmt formúlauauðkenni í sérhannaðri málningu fer yfir 5% skal styrkur þeirrar blöndu einnig koma fram í viðbótarupplýsingum á merkimiða sérhönnuðu málningarinnar við hliðina á einkvæmu formúlauauðkenni hennar, í samræmi við lið 3.4 í B-hluta VIII. viðauka.

Að því er varðar þessa málsgrein merkir „sérhönnuð málning“ málningu sem er sett saman í takmörkuðu magni á sersniðnum grundvelli fyrir einstaka neytendur eða fagmenn á sölustað með litun eða blöndun lita.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.